

Landsyfíréttardómar 1914.

Mánudaginn 12. janúar.

Nr. 35/1912

Þ. J. Thoroddsen

gegn

Jóni Sigurðssyni.

Dómur:

Máli þessu er stefnt til yfirdómsins samkvæmt N. L. 1—4—12, með því að stefndi var farinn af landi burt er áfrýjunarstefnan var gefin út. Stefnda hefir þó eigi verið veittur stefnufrestur sá, er tiltekinn er í greindu lagaboði sbr. tilsk. 3. júní 1796, 16. gr., með því að stefnan var ekki birt í yfirdóminum fyr en 2. desember 1912, en málið tekið fyrir samkvæmt stefnunni 1. desember þ. á. Og með því að stefndi mætti þá eigi og enginn af hans hendi, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu víasast frá yfirdómi.